

Texti til upplýsinga fyrir blóðgjafa

ÍSLENSKA:

Kæri blóðgjafi.

Svar á heilsufarsspurningalista og mat hjúkrunarfræðings er mikilvægur öryggisliður í blóðgjafaferli.

Fyrir sérhverja blóðgjöf þarf að tryggja öryggi:

- Blóðgjafans á meðan blóðgjöf stendur.
- Blóðgjafans að blóðgjöf lokinni.
- Blóðþega.

Á Íslandi er ekki skimað fyrir öllum sjúkdómum og því getur þurft að senda blóðprufur erlendis. Þá þarf að fresta blóð-, blóðflögu- og blóðvökvagjöf í ákveðinn tíma til að koma í veg fyrir möguleg smit. Við biðjum blóðgjafa okkar að sýna því skilning.

Hluti af heilsufarsviðtali eru spurningar er varða ferðalög/búsetu/uppruna. Spurningar eru meðal annars:

- Hefur þú farið erlendis nýlega?
- Hefur þú búið erlendis?
- Fæddist þú erlendis?
- Áttu móður sem fæddist erlendis?

Þessar spurningar hjálpa okkur að hindra útbreiðslu sjúkdóma til blóðþega.

Text to inform all donors

ENGLISH:

Dear donors.

Your answers to the questions and the nurse's decision are an important part of the donations process.

For every donation, we must make sure of:

- Your safety during the donation.
- Your safety after the donation.
- Safety of the blood recipient.

Iceland does not have screening tests for all diseases. For some of them, we send blood samples to other countries. Donation of blood - platelets and plasma must be deferred for a certain period to prevent possible infection.

We ask our donors to be understanding if we need to postpone donations because of that.

Part of the pre-donation interview is asking about travel history and origin. Those questions include among others:

- Have you recently traveled outside of Iceland?
- Have you ever lived outside of Iceland?
- Where were you born?
- Where was your mother born?

These questions are very important to prevent the transmission of diseases to blood recipients.

CHAGAS

ÍSLENSKA:

Chagas sjúkdómurinn orsakast af sýkingu sníkjudýrsins Trypanosoma cruzi (T. cruzi).

Helstu smitleiðir eru bit skordýra sem aðallega fyrirfinnast á ákveðnum svæðum Suður Ameríku (sem og Mið Ameríku þ.a.m. Mexíkó). Sníkjudýrið sem veldur Chagas getur borist frá sýktri móður til barns á meðgöngu eða með blóðgjöf þegar blóðgjafi er sýktur.

Skordýrið sem ber þetta sníkjudýr finnst ekki á Íslandi og því ekki er talin hættu á að smitast á Íslandi. Fólki sem ferðast til landa þar sem sníkjudýrið fyrirfinnst getur verið útsett án þess að vita af því. Einkenni koma sjaldan fram hjá heilsuhraustu fólki.

Einstaklingar sem hafa einhverntímann greinst með sjúkdóminn. **Má ekki** gefa blóð. Varanleg frávísun. Einstaklingar í áhættuhóp (svarar játandi einhverjum af eftirtöldum spurningum): Þarf að taka **Chagas próf í Blóðbankanum**.

ATH!: Ekki má taka Chagas próf fyrr en **a.m.k. 4 mánuðir** hafa liðið frá því einstaklingur yfirgaf áhættusvæði (eða eftir komu til Íslands) eða fékk blóðinnngjöf.

Við spyrjum blóðgjafa:

- Ertu fæddur í Mið- Ameríku eða Suður- Ameríku, þ.a.m. Mexíkó?
- Hefur þú einhverntímann á ævinni búið eða ferðast til ofantaldra landa í **meira en 4 vikur**?
- Er móðir viðkomandi er fædd í ofantöldum löndum?
- Hefur viðkomandi fengið blóð í ofantöldum löndum?

Sé skimunin **neikvæð**, þá **má** gefa blóð.

Sé skimunin **jákvæð**, þá **má ekki** gefa blóð. Varanleg frávísun.

Tekur 1 – 2 vikur að fá niðurstöður úr skimuninni. Blóðgjafar munu fá send skilaboð (sms) eða símtal þegar niðurstöður liggja fyrir.

Blóðgjafi sem ferðast á þessi svæði og dvelur **minna en 4 vikur** má gefa blóð eftir **6 mánaða bið** frá heimkomu. Óþarfi að taka próf.

Ef einkenni komu fram á meðan á ferðalagi stóð eða 6 mánuðum eftir heimkomu t.d. útbrot, bólgirnir eitlar, bólgur í mjúkvef kringum augu, hiti, höfuðverkur, ógleði, uppköst eða niðurgangur: **þarf að taka Chagas próf.**

Þessi biðtími er nauðsynlegur til að tryggja öryggi blóðþega þar sem sjúkdómurinn getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir veikburða fólk.

CHAGAS

ENGLISH :

Chagas disease is caused by infection from the parasite *Trypanosoma cruzi* (T. cruzi).

It can be contracted after being bitten by an insect, mainly found in certain regions of South America (including Mexico and Central America). The Chagas disease parasite can also be transmitted from an infected mother to her child during pregnancy or through a blood transfusion from an infected donor.

The insect that transmits the disease is not found in Iceland so risk of infection in Iceland is not considered high.

People who have traveled to other countries where the insect can be found, may have been exposed without knowing it. People in good health generally do not develop any symptoms.

Individuals who have ever been diagnosed with the disease: **Cannot donate. Permanent exclusion.**

Individuals in risk group (answers **yes** to any of the following questions): **Need to undergo** Chagas blood screening test by the Bloodbank.

NOTE!: Chagas test cannot be done unless at least **4 months** have passed since arriving back home from the risk areas or from receiving blood transfusions.

We ask donors if they have:

- Spent **4 weeks or more** in Mexico, South America, or Central America?
- If they were born in one of these countries?
- If their mother was born in one of these countries?
- If they received blood transfusions in one of these countries?

If the test is **negative**, blood donations **are possible**.

If the test is **positive**, blood donations will **no longer be possible**. Permanent deferral.

Takes 1 – 2 weeks for results to show. Donors will be notified via text messages or phone calls.

Donors who have spent **less than 4 weeks** in one of these regions, donations remain possible without test after a **6-month waiting** period and no symptoms, such as rash and inflamed nodules, swelling of periorbital soft tissue, fever, headache, nausea, diarrhea or vomiting have occurred. If donors experience those symptoms while traveling or 6 months after returning home: **Test needs to be taken.**

This waiting period is necessary to ensure the safety of the blood recipient. Chagas can have a serious impact on frail people.

Vestur-Nílar veira WNV

ÍSLENSKA:

Vestur-Nílarveiran (WNV) er sýking af völdum veiru sem berst til manna með moskítóbíti. Þessar moskítóflugur fyrirfinnast víða um heiminn, t.d. í:

- Evrópu.
- Afríku.
- Mið-austur löndum.
- Norður Ameríku.
- Asíu.

Veiran smitast ekki manna á milli, hvorki með úðasmiti né snertingu. Veiran getur smitast í blóði milli sýkts blóðgjafa til blóðþega.

Moskítóflugur sem dreifa veirunni finnast ekki á Íslandi og því ekki er talin hættu á að smitast á Íslandi. Fólk sem ferðast til landa þar sem veiran fyrirfinnst getur verið útsett án þess að vita af því.

Á Íslandi er ekki skimað fyrir Vestur-Nílarveirunni.

Til að tryggja öryggi blóðþega spyrjum við blóðgjafa hvert þeir hafi ferðast.

Ef ferðast er til svæða þar sem Vestur-Nílarveiran fyrirfinnst þarf að bíða í **4 vikur** með að gefa blóð eftir komu til Íslands.

Ef einkenni Vestur-Nílarveiru komu fram á meðan á ferðalagi stóð eða eftir heimkomu (s.s. hiti, höfuðverkur, slen, beinverkir, útbrot) þarf að bíða í **6 mánuði** með að gefa blóð.

Þessi biðtími er nauðsynlegur til að tryggja öryggi blóðþega þar sem Vestur-Nílarveiran getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir veikburða fólk.

West Nile Virus

ENGLISH:

West Nile Virus (WNV) is an infection caused by a virus transmitted to humans through the bite of infected mosquitoes.

These mosquitoes are found in many parts of the world including:

- Europe.
- Africa.
- The Middle East.
- North America.
- Asia.

The virus cannot be transmitted directly from one person to another through casual contact. It can be transmitted through blood transfusion from an infected donor.

The mosquitoes that spread the virus are not to be found in Iceland so risk of contracting virus in Iceland is not considered high.

People who have traveled to other countries where the virus can be found, may have been exposed without knowing it.

Screening tests for WNV are not done in Iceland.

To ensure the safety of blood recipients, we ask donors where they have traveled.

If you have traveled to an area where West Nile virus is present, you must **wait 4 weeks** after your return to Iceland before donating blood.

If symptoms occur during or after your trip, such as fever, headache, tiredness, body aches or a skin rash, blood donation is not permitted until **6 months** after coming home.

This waiting period is necessary to ensure the safety of blood recipients. West Nile Virus can have a serious impact on frail people.

MALARÍA

ÍSLENSKA:

Malaría er sjúkdómur af völdum sníkjudýrs sem smitast með biti moskítóflugna. Moskítóflugurnar sem bera sníkjudýrið má finna á þessum svæðum:

- Afríku.
- Asíu.
- Mið-Ameríku og Suður-Ameríku.

Sníkjudýrið smitast ekki manna á milli, hvorki með úðasmiti né snertingu en getur smitast í blóði milli sýkts blóðgjafa til blóðþega.

Moskítóflugur sem dreifa veirunni finnast ekki á Íslandi og því ekki er talin hættu á að smitast á Íslandi. Fólk sem ferðast til landa þar sem veiran fyrirfinnst getur verið útsett án þess að vita af því.

Til að tryggja öryggi blóðþega spyrjum við blóðgjafa hvort þeir hafi ferðast til svæða þar sem Malaría er landlæg.

Á Íslandi er ekki skimað fyrir Malaríu.

- Ef dvalist er **6 mánuði eða lengur** á áhættusvæði fyrir Malaríu, þarf að taka blóðprufu sem er send til Danmerkur. Blóðprufu má ekki taka fyrr en a.m.k. **4 mánuðir** eru liðnir frá heimkomu frá áhættusvæði. Allt ferlið getur því tekið allt að ár.
 - Ef niðurstöður eru **neikvæðar**: **Má** gefa blóð.
 - Ef niðurstöður eru **jákvæðar**: **Má ekki** gefa blóð. Má taka sýni aftur eftir 3 ár til að athuga hvort mótefni mælist enn.
- Ef dvalist er **skemur en 6 mánuði** á áhættusvæði fyrir Malaríu má gefa blóð **12 mánuðum** eftir heimkomu, ef engin einkenni komu fram á meðan dvöl stóð. Þessi biðtími er nauðsynlegur til að tryggja öryggi blóðþega. Malaría getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir veikburða fólk.
- Einstaklingar sem hafa búið á malaríusvæði á **fyrstu 5 árum ævinnar**: Frestur fyrir blóðgjöf er **3 ár** frá síðustu heimsókn til malaríusvæðis, svo fremi að viðkomandi sé laus við sjúkdómseinkenni.
- Einstaklingar með sögu um hitasótt, (einkenni sem gætu átt við malaríu) sem ekki var greind, eftir heimsókn á malaríusvæði eða innan 6 mánuðir frá slíkri heimsókn: Frestur fyrir blóðgjöf er **3 ár** frá því að sjúkdómseinkenni hverfa. Má stytta frest ef niðurstöður úr malaríusýni eru neikvæðar.

MALARIA

ENGLISH:

Malaria is a disease caused by parasites. Transmission of the parasite occurs through mosquitoes' bites. These mosquitoes are found in:

- Africa.
- Asia.
- Central and South America.

The virus cannot be transmitted directly from one person to another through casual contact. However, human-to-human transmission is possible, notably through blood transfusion.

The mosquitoes that spread the virus are not to be found in Iceland so risk of contracting the virus in Iceland is not considered high.

People who have traveled to other countries where the virus can be found, may have been exposed without knowing it.

To ensure the safety of blood recipients, we ask donors if they have traveled to a region where Malaria is endemic.

Screening tests for Malaria are not done in Iceland.

- If you have **spent 6 months or more** in a risk area, we must perform a blood test and sample is sent to Denmark for testing. This blood sample can be collected no sooner than **4 months** after your return from an affected region. The entire testing process can take up to a year.
 - If the test result is **negative**, blood donation **is permitted**.
 - If the test result is **positive**, we will inform you. Blood donations will therefore **not be permitted**. Your case may be reviewed if the antibody is no longer present in a new screening test after a period of 3 years.
- For donors who have spent **less than 6 months** in one of these regions, donation is permitted after **12 months** waiting period if no symptoms have been present. This waiting period is necessary to ensure the safety of blood recipients. Malaria can have a serious impact on frail people.
- Individuals that have lived in a malaria endemic area for the **first 5 years of their life**: Deferral for blood donation is **3 years** from the last visit to the area, if asymptomatic.
- Individuals that have previously had undiagnosed fever (symptoms of malaria) after a visit to a malaria endemic area, and less than 6 months since returning: Deferral from donation is **3 years**

Arnar Gunnsteinsson, Clara Brusq, Hanna
Vigdís Jóhannesdóttir og Hrafnhildur
Jónsdóttir

from full recovery. If malaria screening tests show a negative result, blood donation can be permitted earlier.

ZIKA

ÍSLENSKA:

Zika er veira sem berst til manna með moskítóflugnabiti. Moskítóflugurnar sem bera veiruna finnast á þessum svæðum:

- Mið Ameríku og Suður Ameríku.
- Suðaustur Asíu og eyjum Kyrrahafsins.
- Karabíska hafinu.
- Hluta Afríku.
- Hluta Bandaríkjanna og Suður Evrópu.

Zika veira smitast ekki við almenna umgengni manna á milli en getur smitast með blóðgjöf, kynmökum og til barna í móðurkvið, sé móðir sýkt.

Moskítóflugur sem dreifa veirunni finnast ekki á Íslandi og því ekki talin hætta á að smitast hér. Fólk sem ferðast til landa þar sem veiran fyrirfinnst getur verið útsett án þess að vita af því.

Á Íslandi er ekki skimað fyrir Zika veiru.

Til að tryggja öryggi blóðþega spyrjum við blóðgjafa hvert þeir hafi ferðast.

Ef ferðast til svæða þar sem Zika veira fyrirfinnst þarf að bíða með að gefa blóð í **4 vikur** eftir komu heim til Íslands.

Ef einkenni Zika veirunnar komu fram á meðan á ferðalagi stóð (s.s. vægur hiti, útbrot, beinverkir, höfuðverkur, roði í augum eða vöðvaverkir) þarf að bíða í **6 mánuði** með að gefa blóð.

Þessi biðtími er nauðsynlegur til að tryggja öryggi blóðþega þar sem Zikaveiran getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir veikburða fólk.

ZIKA

ENGLISH:

Zika is a virus, transmitted by mosquitoes. These mosquitoes are found in:

- Central America and South America.
- Southeast Asia and the Pacific Islands.
- The Caribbean.
- Parts of Africa.
- Some regions of the United States and Southern Europe.

The virus cannot be transmitted directly from one person to another through casual contact. However, human-to human transmission is possible, notably through sexual contact, blood transfusion and from a pregnant woman to her baby.

The mosquitoes that spread the virus are not to be found in Iceland so risk of contracting virus in Iceland is not considered high.

People who have traveled to other countries where the virus exists, may have been exposed without knowing it.

Screening tests for Zika virus are not done in Iceland.

To ensure the safety of blood recipients, we ask donors where they have traveled.

If you have traveled to an area where Zika virus is present, you must **wait 4 weeks** after your return before donating blood.

If symptoms occurred during or after the trip, such as mild fever, rash, joint pain, red eyes, headache, or muscle pain, donation must be deferred for **6 months** after returning home.

This waiting period is necessary to ensure the safety of the blood recipients. Zika can have a serious impact on frail people.

DENGUE

ÍSLENSKA:

Dengue er veira sem berst til manna með moskítóflugnabiti. Moskítóflugurnar sem bera veiruna finnast á þessum svæðum:

- Mið Ameríka og Suður Ameríka.
- Asía.
- Mið Afríka.
- Hluta Bandaríkjanna og Suður Evrópu.

Dengue smitast ekki við almenna umgengni manna á milli en getur smitast með blóðgjöf og til barna í móðurkvið sé móðir sýkt.

Moskítóflugur sem dreifa veirunni finnast ekki á Íslandi og því ekki talin hætta á að smitast hér. Fólk sem ferðast til landa þar sem veiran fyrirfinnst getur verið útsett án þess að vita af því.

Á Íslandi er ekki skimað fyrir Dengue.

Til að tryggja öryggi blóðþega spyrjum við blóðgjafa hvert þeir hafi ferðast.

Eftir ferðalag til svæða þar sem Dengue veiran fyrirfinnst þarf fresta blóðgjöf í **4 vikur** eftir heimkomu.

Ef einkenni Dengueveirunnar komu fram á meðan á ferðalagi stóð (s.s. hár hiti, mikinn höfuðverkur, verkur bak við augun, beinverkir, vöðvaverkir, ógleði, uppköst, eitlastækkarir) þarf að fresta blóðgjöf í **6 mánuði**.

Þessi biðtími er nauðsynlegur til að tryggja öryggi blóðþega þar sem Dengue getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir veikburða fólk.

DENGUE

ENGLISH:

Dengue is a virus, transmitted by mosquitoes. These mosquitoes are found in:

- Central America and South America.
- Asia.
- Central Africa.
- Some regions of the United States.
- Some regions in Southern Europe.

The virus cannot be transmitted directly from one person to another through casual contact. However, human-to-human transmission is possible, notably through blood transfusion and from a pregnant woman to her baby.

The mosquitoes that spread the virus are not to be found in Iceland so risk of contracting virus in Iceland is not considered high.

People who have traveled to other countries where the virus can be found, may have been exposed without knowing it.

Screening tests for Dengue virus are not done in Iceland. To ensure the safety of blood recipients, we ask donors where they have traveled.

If travelling to an area where Dengue virus is present, donor is deferred from blood donation for **4 weeks** after returning home.

If symptoms occurred during or after the trip, such as high fever, severe headache, pain behind the eyes, muscle and joint pains, nausea, vomiting, swollen glands, rash, blood donation must be deferred for **6 months** after returning home.

This waiting period is necessary to ensure the safety of blood recipients. Dengue can have a serious impact on frail people.

CHIKUNGUNYA

ÍSLENSKA:

Chikungunya er veira sem berst til manna með moskítólfugnabiti. Moskítóflugurnar sem bera veiruna finnast á þessum svæðum:

- Suðaustur Asíu og á Indlandsskaga.
- Eyjum Karíbahafsins.
- Afríku.
- Hluta Evrópu og á sumum eyjum Kyrrahafsins.

Chikungunya veira smitast ekki við almenna umgengni manna á milli en getur smitast með blóðgjöf.

Moskítóflugur sem dreifa veirunni finnast ekki á Íslandi og því er ekki talin hættu á að smitast á Íslandi. Fólk sem ferðast til landa þar sem veiran fyrirfinnst getur verið útsett án þess að vita af því.

Á Íslandi er ekki skimað fyrir Chikungunya.

Til að tryggja öryggi blóðþega spyrjum við blóðgjafa hvert þeir hafi ferðast.

Ef ferðast er til svæða þar sem Chikungunya veiran fyrirfinnst þarf að bíða í **4 vikur** með að gefa blóð eftir komu til Íslands.

Ef einkenni Chikungunya koma fram á meðan á ferðalagi stóð (s.s. hár hiti, slæmir liðverkir, höfuðverkur, vöðvaverkir, ógleði, uppköst eða útbrot) þarf að bíða í **6 mánuði** með blóðgjöf.

Þessi biðtími er nauðsynlegur til að tryggja öryggi blóðþega þar sem Chikungunya getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir veikburða fólk.

CHIKUNGUNYA

ENGLISH:

Chikungunya is a virus transmitted by mosquitoes. These mosquitoes are found in:
Central America and South America

- Southeast Asia and the Indian subcontinent.
- The Caribbean.
- Africa.
- Some regions of Europe and the Pacific Islands.

The virus cannot be transmitted directly from one person to another through casual contact. However, human-to-human transmission is possible through blood transfusion.

The mosquitoes that spread the virus are not to be found in Iceland so risk of contracting virus in Iceland is not considered high. People who have traveled to other countries where the virus can be found, may have been exposed without knowing it.

Screening tests for Chikungunya are not done in Iceland. To ensure the safety of blood recipients, we ask donors where they have traveled.

If travelling to an area where Chikungunya is present, donors are deferred from blood donation for **4 weeks** after returning home.

If symptoms occurred during or after the trip such as sudden high fever, severe joint pain, headache, muscle pain, nausea, fatigue, or skin rash, blood donation must be deferred for **6 months** after returning home.

This waiting period is necessary to ensure the safety of blood recipients. Chikungunya can have a serious impact on frail people.